

LAGNING NÝS VEGAR AÐ EFNISTÖKUSVÆÐI Í HÚSABORG, VESTUR- HÚNAÞINGI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að helstu neikvæðu áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum verði sjónræns eðlis og áhrif á landslag. Stofnunin telur ljóst að ekki verði komist hjá því að vegurinn muni hafa nokkur neikvæð sjónræn áhrif þar sem hann verður lagður um að mestu óraskað svæði. Sjónræn áhrif efnistökkunnar verða, að mati stofnunarinnar, staðbundin og ekki veruleg einkum í ljósi þess að Vegagerðin hefur brugðist við ábendingum í umsögn Umhverfisstofnunar og breytt mörkum efnistökkusvæðisins og aðkomu inn á svæðið í því skyni að lágmarka enn frekar neikvæð sjónræn áhrif efnistökkunnar. Skipulagsstofnun telur ljóst að veglagningin komi til með að hafa nokkur neikvæð áhrif á gróður einkum á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga en áform um endurheimt jafnstórs votlendissvæðis í stað þess sem raskast eru til þess fallin að bæta fyrir það rask. Skipulagsstofnun telur að ekki verði komist hjá því að íbúar í næsta nágrenni verði fyrir einhverju ónæði vegna efnistöku og flutninga en í ljósi þess að hér er um tiltölulega umfangslitlar framkvæmdir að ræða og efnistakan mun fara fram af og til á löngu tímabili telur stofnunin að áhrifin verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð vegna þeirra af hálfu framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning nýs vegar að efnistökkusvæði í Húsaborg, Vestur-Húnaþingi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vestur-Húnaþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 vegna vegar, efnistökkusvæðis í Húsaborg og efnistökkusvæðis í Galtarnesi. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 3. ágúst 2010.

INNGANGUR

Þann 5. maí 2010 tilkynnti Vegagerðin lagningu vegar að efnistökusvæði í Húsaborg í Vestur-Húnaþingi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Húnaþings vestra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Landsnets, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Húnaþingi vestra með tölvubréfi dags. 25. júní 2010, Fornleifavernd ríkisins, með bréfum dags. 26. og 27. maí 2010, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 1. júní 2010, Landsneti með tölvubréfi dags. 19. maí 2010, Skógrækt ríkisins með tölvubréfi dags. 19. maí 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. maí 2010.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 25. maí og 2. júní 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða lagningu nýs vegar frá Hringvegi að fyrirhuguðu efnistökusvæði í Húsaborg í Víðidal. Fyrirhugað er að efnistaka verði á svæðinu á næstu 20 árum vegna breikkunar og endurbóta á Hringvegi um miðbik Húnavatnssýslu. Í framlögðum gögnum kemur fram að námuvegurinn verði rúmlega 1 km að lengd og 6 m breiður, að meðaltali 1 m yfir landi með halla á vegfláum 1:2,5 og hámarkshraði á veginum verði 30 km/klst. Fram kemur að efnispörf í veginn sé um 10.000 m³ og verði efni tekið úr opinni námu í Galtarnesi og úr skeringum. Við enda námuvegarins verði útbúið allt að 10.000 m² stórt efnisvinnsluplan og verði milli 3.000 og 5.000 m³ að efni í planið einnig teknir úr námunni í Galtarnesi. Fram kemur að fyrirhugað sé að taka 45.000 m³ af efni á 4.500 m² svæði í Húsaborg sem sé áberandi kennileiti í landslaginu með bröttum, nær ógrónum hlífum.

Áhrif á samfélag. Fram kemur að fyrirhugað efnistökusvæði sé í a.m.k. 600 m fjarlægð frá veitingaskálanum að Víðigerði. Efnisvinnsla á svæðinu verði ekki stöðug, heldur muni fara fram af og til næstu tuttugu árin í samráði við landeigendur og ábúendur á svæðinu. Á meðan á efnisvinnslu standi verði þeir sem dvelji á svæðinu varir við hana vegna hávaða og ryks en hljóðstig við Víðigerði muni verða innan viðmiðunarmarka í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Áhrif á landslag. Fram kemur að Vegagerðin telji að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á landslag. Reynt verði að gera veginn sem minnst áberandi í landslaginu með því að láta hann hlykkjast um það. Við efnistöku verði lögð áhersla á að halda núverandi ásýnd borgarinnar óbreyttri séð frá Hringveginum um Víðidal. Efnistaka verði frá suðvestri til norðausturs og öll innan núverandi jaðars borgarinnar. Við efnistöku verði fylgt útlínunum þeirrar jarðmyndunar sem efnið sé tekið úr og þess gætt að náman verði ekki of djúp. Við frágang vegsvæðis og námu verði reynt að aðlaga framkvæmdir sem best að landi. Fram kemur að þegar efnistöku ljúki verði geil inn í vestanverða Húsaborg og námustálið muni standa eftir í landslaginu en muni lítið sem ekkert sjást frá nærliggjandi byggð.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að ekki hafi verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á svæðinu séu áætlanir um skógrækt og hafi nú þegar verið plantað í hluta þess svæðis. Fram kemur að samtals verði tæplega 2,3 ha af grónum svæðum fyrir beinu raski vegna fyrirhugaðra

framkvæmda þ.á.m. um 0,4 ha svæði með trjáplöntum. Hins vegar geti stærð votlendissvæðis, sem verði fyrir beinu raski og sem vegur geti óbeint haft áhrif á, numið um 2 ha. Þá geti framkvæmdirnar haft tímabundin áhrif á fugla vegna umferðar og hávaða. Fram kemur að við frágang verði a.m.k. jafn mikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdir grætt upp, m.a. svæði sem raskast meðfram vegi. Þá verði endurheimt jafnstórt votlendissvæði og muni raskast við framkvæmdina, þ.e. 2,2 ha. Fram kemur að landeigendur Auðunarstaða í Víðidal hafi tekið jákvætt undir hugmyndir um að endurheimt fari fram innan lands Auðunarstaða og sé því mögulegt að endurheimta votlendi með því að fylla eða stífla skurði í grennd við Húsaborg eða skurði í nágrenni Víðidalsár. Endurheimt votlendis verði í samráði við landeigendur, Umhverfisstofnun, sérfræðing um endurheimt votlendis og viðkomandi sveitarstjórn.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARÁÐILA

Almennt. Í umsögnum Húnaþings vestra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Landsnets, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að þar sem fornleifar hafi ekki verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þurfi minjavörður Norðurlands vestra, sem sé starfsmaður Fornleifaverndarinnar að kanna hvort fornleifar séu á svæðinu. Í umsögn minjavarðar kemur fram að aðstæður á vettvangi hafi verið skoðaðar 26. maí 2010 og séu engar sjáanlegar minjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að helstu áhrif fyrirhugaðrar efnistöku felist í sjónrænum áhrifum efnistökkunnar og áhrifum á landslag. Leggja eigi áherslu á að breyting á ásýnd svæðisins vegna efnistökkunnar verði eins lítil og kostur er og í því skyni telji Umhverfisstofnun mikilvægt að op inn í námuna verði haft þröngt. Þá telur stofnunin að til þess að tryggja að útlínum Húsaborgar verði ekki raskað ætti ekki að vinna efni úr borginni norðan við mýrardrag en frekar að beina vinnslu til suðausturs frá mýrardraginu í átt að tjörn efst í borginni.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að stofnunin hafi tekið athugasemdir Umhverfisstofnunar til skoðunar og hafi verið ákveðið að aðkoma að námunni verði mun þrengri en upphaflega hafi verið ráðgert og fyrirhuguðu námusvæði breytt þannig að það verði staðsett á milli mýrardragsins og tjarnarinnar efst á borginni og ekki verði um efnistöku að ræða norðan mýrardragsins. Þessar breytingar eru sýndar á nýrri loftmynd sem fylgdi með svörunum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu nýs vegar um 1 km leið að efnistökusvæði í Húsaborg í Víðidal, Vestur-Húnaþingi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. þar sem vegurinn mun raska votlendissvæði sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni og Umhverfisstofnun að helstu neikvæðu áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum verði sjónræns eðlis og áhrif á landslag. Stofnunin telur ljóst að ekki verði komist hjá því að vegurinn muni hafa nokkur neikvæð sjónræn áhrif þar sem hann verður lagður um að mestu óraskað svæði. Sjónræn áhrif efnistökkunnar verða, að mati stofnunarinnar, staðbundin og ekki veruleg einkum í ljósi þess að Vegagerðin hefur brugðist við ábendingum í umsögn Umhverfisstofnunar og breytt mörkum efnistökusvæðisins og aðkomu inn á svæðið í því skyni að lágmarka enn frekar neikvæð sjónræn áhrif efnistökkunnar. Þá hefur Vegagerðin kynnt frágangstilhögun í framlögðum gögnum sem er til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á landslag svæðisins. Skipulagsstofnun telur ljóst að veglagningin komi til með að hafa nokkur neikvæð áhrif á gróður einkum á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga en áform um endurheimt jafnstórs votlendissvæðis í stað þess sem raskast eru til þess fallin að bæta fyrir það rask. Skipulagsstofnun telur að ekki verði komist hjá því að íbúar í næsta nágrenni verði fyrir einhverju ónæði vegna efnistöku og flutninga en í ljósi þess að hér er um tiltölulega umfanglitlar framkvæmdir að ræða og efnistakan mun fara fram af og til á löngu tímabili telur stofnunin að áhrifin verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð vegna þeirra af hálfu framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning nýs vegar að efnistökusvæði í Húsaborg, Vestur-Húnaþingi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vestur-Húnaþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 vegna vegar, efnistökusvæðis í Húsaborg og efnistökusvæðis í Galtarnesi. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 3. ágúst 2010.

Jakob Gunnarsson

Þóroddur F. Þóroddsson

